# FUNDARGERÐ

***243. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 17. september 2025, kl. 13:00 í gegn um Teams***

## Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Stefán Haukur Grímsson

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Þórey Agnarsdóttir
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

## Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
3. Auto ehf.
4. Lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi
5. Skútaberg, Moldhaugnahálsi
6. Fjárhagáætlun og gjaldskrá 2026
7. Áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum
8. Umsagnir
9. Útgefin starfsleyfi
10. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
11. Staðfestar skráningar
12. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 242. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 11. júní sl.
Þá var sem fyrr rætt um umgengni á lóðinni við Hamragerði 15 á Akureyri og á Setbergi á Svalbarðsströnd. Einnig var ítrekuð krafa um hreinsun á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi og ársreikningur HNE vegna ársins 2024 samþykktur

## 2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð

Enn hefur ekki verið brugðist við kröfum Heilbrigðisnefndar um tiltekt á lóðinni. Dagsektir eru því áfram lagðar á, í samræmi við ákvörðun nefndarinnar á 234. fundi þann 7. febrúar 2024. Innheimtuaðgerðir vegna ógreiddra dagsekta halda áfram. Upphaf uppboðs hefur farið fram og framhaldssala er boðuð á næstu dögum.

***Heilbrigðisnefnd undrast áframhaldandi aðgerðar- og afskiptaleysi lóðarhafa, nú þegar aukin harka er komin í innheimtuaðgerðir. Að mati nefndarinnar hefði verið unnt að bregðast við kröfu um tiltekt á lóðinni með lítilli fyrirhöfn og kostnaði innan þess rúma frests sem lóðarhafa var veittur til úrbóta og andmæla áður en ákvörðun um beitingu þvingunarúrræða var tekin.***

***Nefndin ítrekar kröfu sína um tafarlausa tiltekt á lóðinni. Dagsektir verða áfram lagðar á þar til úr verður bætt.***

## 3. Auto ehf.

Ekki hefur verið brugðist við kröfum Heilbrigðisnefndar um tiltekt á lóð fyrirtækisins að Setbergi á Svalbarðsströnd. Dagsektir að upphæð 50.000 krónur hafa verið lagðar á frá og með 28. október 2024 og hefur uppsöfnuð fjárhæð nú náð verulegum hæðum. Dagsektir hafa ekki verið greiddar og eru nú í hefðbundnu innheimtuferli með tilheyrandi viðbótarkostnaði.

Númerslausir bílar í eigu Auto ehf. eru enn áberandi innan bæjarins á Akureyri. Það sem af er ári hafa 10 slíkar bifreiðar verið fjarlægðar af lóðum fyrirtækja, fjölbýlishúsa og af opnum svæðum innan bæjarmarkanna.

***Heilbrigðisnefnd ítrekar kröfu sína um tafarlausa tiltekt á lóð Auto ehf. að Setbergi á Svalbarðsströnd og minnir á að dagsektir verða áfram lagðar á þar til úrbætur hafa verið gerðar.***

***Nefndin gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir við þá ítrekuðu háttsemi Auto ehf. að staðsetja númerslausar bifreiðar, margar í mjög slæmu ásigkomulagi, á almennings- og einkalóðum innan bæjarmarka Akureyrar. Slík háttsemi er óásættanleg og í andstöðu við ákvæði laga, reglugerða og samþykkta um hollustuhætti, mengunarvarnir og umhverfismál***.

## 4. Lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi

Bílhræ á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi voru fjarlægð þann 3. júlí sl., rúmum sjö mánuðum eftir að samningur um tímabundin afnot af lóðinni rann út. Áður en lóðin var hreinsuð hafði Heilbrigðisnefnd ítrekað gert kröfu um hreinsun og hótað beitingu þvingunarúrræða til að knýja fram nauðsynlegar úrbætur.

## 5. Skútaberg, Moldhaugnahálsi

Á 241. fundi Heilbrigðisnefndar, haldinn 9. apríl sl., var gerð sú krafa að fyrir 1. nóvember nk. yrði búið að fjarlægja alla gáma, vinnubúðaeiningar og flutningabíla með vörukössum af svæðinu. Samkvæmt framkvæmdaáætlun fyrirtækisins átti vinnu við gerð sjónmanar og geymslusvæðis að ljúka í ágúst og flutningur gáma inn á geymslusvæðið að hefjast í september. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá fyrirtækinu eru framkvæmdir hafnar, en ljóst er að enn vantar nokkuð upp á að þeim sé lokið.

***Heilbrigðisnefnd lýsir yfir áhyggjum sínum af töfum sem orðið hafa á framkvæmdum við varanlegt geymslusvæði á athafnasvæði Skútabergs á Moldhaugnahálsi. Umgengni og ásýnd svæðisins eru með þeim hætti að rækileg tiltekt þolir ekki frekari bið.***

***Nefndin ítrekar áður framkomnar kröfur um að fyrir 1. nóvember nk. verði búið að fjarlægja alla gáma, vinnubúðaeiningar og flutningabíla með vörukössum af svæðinu og koma þeim fyrir á þar til gerðu geymslusvæði eða farga þeim með lögmætum hætti.***

***Verði ekki brugðist við innan tilgreinds frests mun Heilbrigðisnefnd íhuga að beita þvingunarúrræðum, þar á meðal áminningu og dagsektum, á grundvelli XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram nauðsynlegar úrbætur.***

## 6. Fjárhagáætlun og gjaldskrá 2026

Leifur Þorkelsson kynnti fjárhagsáætlun ársins 2026 ásamt tillögu að gjaldskrárbreytingum.
Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að kostnaðarliðir hækki um 6,6 % frá fyrra ári og að íbúaframlag sveitarfélaganna lækki úr 35,4% í 32,2% á milli ára. Lagt er til að upphæðir gjaldskrár hækki að jafnaði um 5%.
Ekki er gert ráð fyrir eignabreytingum hjá HNE á næsta ári og því ekki lögð fram eignabreytingaáætlun

***Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða sem og tillaga að gjaldskrárbreytingum.***

## 7. Áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið áformar í samstarfi við atvinnuvegaráðuneytið að gera breytingar ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Með boðuðum breytingum verður heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga lagt niður i núverndi mynd og eftirlitsverkefni flutt um til Matvælastofnunnar og Umhverfis- Orkustofnunnar. Staðbundnum verkefnum sveitarfélaga verður fundinn staður innan stjórnsýslunnar í samráði við sveitarfélög.

***Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að fyrirhugaðar breytingar á regluverki og skipulagi opinbers eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum verði unnar í nánu samráði og sátt við sveitarfélögin. Mikilvægt er að áfram verði tryggð öflug nærþjónusta og þekking á staðbundnum aðstæðum. Heilbrigðisnefnd telur að slíkt fyrirkomulag sé forsenda þess að breytingarnar nái markmiðum sínum um skilvirkt, samræmt og traust opinbert eftirlit um allt land.***

## 8. Umsagnir

1. Umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna uppbyggingu orlofshúsa og hótela á Leifsstöðum í Eyjafjarðarsveit
2. Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar – Sandvík, Hauganesi
3. Umsögn um vinnslutillögu vegna endurskoðunar aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020
4. Umsögn um tillögu að deiliskipulagi Staðarvirkjunar í Bakkafirði
5. Umsögn um aðalskipulagsbreytingu vegna Staðarvirkjunar í Bakkafirði
6. Umsögn um nýtt deiliskipulag Böggvisbrautar á Dalvík
7. Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar – Íbúðarsvæði vestan Böggvisbrautar.
8. Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar – Landeldi norðan Hauganess.
9. Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar – Sandvík Hauganesi
10. Umsögn um vinnslutillögu vegna deiliskipulags Sandvíkur á Hauganesi
11. Umsögn um vinnslutillögu vegna deiliskipulags Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal
12. Umsögn um deiliskipulag Laxárstöðva
13. Umsögn um breytingu á deiliskipulagi svæðis umhverfis Dalbæ á Dalvík
14. Umsögn um vinnslutillögu vegna deiliskipulags Berjahóla á Dalvík
15. Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar – Stækkun Hóla- og Túnahverfis
16. Umsögn um vinnslutillögu vegna deiliskipulags þjóðvegar í gegn um Dalvík
17. Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Dalvík
18. Umsögn matsskyldufyrirspurn vegna núverandi starfsemi og áframhaldandi uppbyggingar Mjólkursamsölunnar á Akureyri
19. Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar – Brúarland, breyting á skilgreiningu
20. Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Brúarlands í Eyjafjarðarsveit
21. Umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags vegna flugskýlis á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit
22. Umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulag íbúðarsvæðis Vaðlaborga B í Svalbarðsstrandarhreppi

## 9. Útgefin starfsleyfi

1. Mækæ ehf. kt. 640818-0340 - Austursíða 2, 603 Akureyri -skyndibitastaður
2. Jötunhundar ehf. kt. 550223 -1200,-Jötunheimar, 604 Akureyri - hundahótel
3. Tjald ehf. kt. 650211-1380 - Héðinsbraut, 640 Húsavík -tjaldstæði
4. Landsvirkjun kt. 420269-1299 - Jónsnípunáma á Þeistareykjum- efnistaka
5. Landsvirkjun kt. 420269-1299 - Kvíhólsnáma á Þeistareykjum- efnistaka
6. Pop2 ehf. kt. 530625-0870- Aðalgata 2, 621 Dalvík – veitingahús
7. Sjúkraþjálfun Húsvíkur ehf. kt. 480725-1310, Vallholtsvegur 17, 640 Húsavík – sjúkraþjálfun
8. Kolbeinn Kjartansson kt. 251265-4969 - Hraunkoti 1, 641 Húsavík – Sala á gistingu án veitingasölu
9. Lundur ses, rekstrarfélag kt. 630107-0160 – Eyrarlandsvegur 28 (MA), 600 Akureyri – mötuneyti
10. Lundur ses, rekstrarfélag kt. 630107-0160 – Hringteigi 2 (VMA), 600 Akureyri – mötuneyti með móttökueldhúsi
11. Samkaup ehf. kt. 571298-3769 – Kaupangi v/Mýrarveg, 600 Akureyri – matvöruverslun
12. TH14 ehf. kt. 540224-1880 – Ægisgata 31, 621 Dalvík – veitingastaður
13. Huppuís ehf. kt. 530515-1920 – Glerárgata 30, 600 Akureyri – sala á ís og sælgæti
14. Sveitin okkar ehf. kt. 430125-1090 – Leifshús, 606 Akureyri – ræktun og pökkun á grænmeti
15. Altano Iceland ehf. kt. 480725-1310 – Safírstræti 1, 603 Akureyri – dýraspítali
16. Agndofa ehf. kt 540312-1170 – Hafnarstræti 97, 600 Akureyri – kaffihús
17. Kaffistofan ehf. kt. 570821-0400 – Týsnesi 14a, 603 Akureyri – handverkskaffibrennsla
18. Róbert Fanndal Jósavinsson kt. 130571-4929 – Litla-Dunhaga, 604 Akureyri – vatnsveita vegna mjólkurframleiðslu
19. Erla Sveinsdóttir kt. 020855-2079 – Tryggvabraut 24 (309), 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
20. Fjúkandi hjólbörur ehf. kt. 630223-1640 – Árbakki, 621 Dalvík- Sala á gistingu án veitingasölu
21. Leiktæki og garðyrkja ehf. kt. 520209-0340 – Akureyrarvelli, 600 Akureyri – tímabundið starfsleyfi fyrir farandtívoli 31. júlí til 3. Ágúst
22. Rubio ehf. kt. 640424-0600 – Skipagata 7, 600 Akureyri – netverslun með áfengi auk smásölu á sælgæti og gosi SKILYRT LEYFI
23. Silkihúð ehf. kt. 680223-2110 – Sandskeið 22, 620 Dalvík – snyrti-og nuddstofa
24. Unnar Björn Elíasson kt. 140398-2339 – Ráðhús Dalvíkur, 620 Dalvík – Kíróparktík
25. Like ehf. kt. 500322-1440 – Tryggvabraut 24 (201), 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
26. Slippurinn Akureyri ehf. kt. 511005-0940 – Naustatangi 2, 600 Akureyri – mötuneyti
27. Gistiheimilið Lyngholt ehf. kt. 530606-1630 – Langanesvegur 10, 680 Þórshöfn – sala á gistingu án veitingasölu
28. Pelastikk ehf. kt. 490413-1540 – Austurvegur 46, 630 Hrísey – sala á gistingu án veitingasölu
29. Verkís hf. kt. 611276-0289 – Austursíða 6, 603 Akureyri – mötuneyti – ***Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt***
30. Ölföng ehf. kt. 500524-0810 – Kaupangi v/Mýrarveg, 600 Akureyri – heildsala á áfengi og gosi
31. Ölföng Spirits SIA kt 690724-9950 – Kaupangi v/Mýrarveg, 600 Akureyri – heildsala á áfengi og gosi
32. Stjörnuljós ehf. kt. 570309-0130 – Skipagata 10 (401), 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
33. Hilmar D. Ólafsson ehf. kt. 700402-7460 – Furulundur 15a, 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu - ***Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt***
34. Sí hf. kt. 411002-2840 – Ráðhústorg 7, 600 Akureyri – skyndibitastaður
35. Fincafresh kt . 421121-0790 – Njarðarnes 12, 603 Akureyri – Heildsala og smásala á ávöxtum og grænmeti.

***Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.***

## 10. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Finnur ehf. kt. 470403-2680, Spónsgerði 2, 604 Akureyri - efnistaka úr efnistökusvæði E1 í Hörgársveit
2. Landsnet kt. 580804-2410, Rangárvellir 1, 603 Akureyri - spennistöð (breyting á gildandi leyfi)

***Heilbrigðisnefnd samþykkir að starfsleyfin verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillöguna gefi tilefni til annars***

## 11. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Ágúst Óli Ólafsson, kt. 260803-2390 - Flugeldasýning við hafnargarðinn á Hjalteyri 2. ágúst 2025
2. Fjölumboðið ehf. kt. 420702-4930 – Flugeldasýning við Húsavíkurhöfn 26. júlí 2025
3. Súlur Björgunarsveit Akureyri kt. 640999-2689 – Flugeldasýning við Akureyrarvöll 3. ágúst 2026
4. Kjarnafæði Norðlenska ehf. kt. 581289-1899 – Sjávargata 1, 606 Akureyri – kjötvinnsla
5. Kjarnafæði Norðlenska ehf. kt. 581289-1899 – Þingeyjarsýslubraut 2, 640 Húsavík – kjötvinnsla
6. Kjarnafæði Norðlenska ehf. kt. 581289-1899 – Hafnarstétt 25-31, 640 Húsavík - kjötvinnsla
7. Kjarnafæði Norðlenska ehf. kt. 581289-1899 – Grímseyjargata, 600 Akureyri – kjötvinnsla
8. HD ehf. kt. 431298-2799 – Gránufélagsgata 43, 600 Akureyri – bifreiða- og vélaverkstæði
9. Helgi Jóhannesson kt. 270856-2259 - Leifsstaðabrúnir 25, 605 Akureyri – niðurrif mannvirkja
10. Ívar Örn Vignisson kt. 060381-4299 -13 Smáravegur 7, 620 Dalvík – niðurrif mannvirkja

## 12. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður 22. október

Fundi slitið kl. 13:40

# Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Undirritað af:
Helgi Haraldsson
0303635589
Dags: 19.09.2025
Tími: 07:57:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf1627cc-5a35-4c99-9cf2-795275f8fb5f

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Undirritað af:
Stefán Haukur Grímsson
1212622319
Dags: 18.09.2025
Tími: 16:41:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf1627cc-5a35-4c99-9cf2-795275f8fb5f

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Undirritað af:
Anna Karen Úlfarsdóttir
2804794549
Dags: 18.09.2025
Tími: 10:02:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf1627cc-5a35-4c99-9cf2-795275f8fb5f

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Undirritað af:
Kristín Halldórsdóttir
1204664109
Dags: 18.09.2025
Tími: 10:44:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf1627cc-5a35-4c99-9cf2-795275f8fb5f

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Undirritað af:
Leifur Þorkelsson
2805723579
Dags: 18.09.2025
Tími: 09:38:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf1627cc-5a35-4c99-9cf2-795275f8fb5f

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Undirritað af:
Steinn Oddgeir Sigurjónsson
2205543929
Dags: 19.09.2025
Tími: 08:09:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf1627cc-5a35-4c99-9cf2-795275f8fb5f

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Undirritað af:
Þórey Agnarsdóttir
2502605719
Dags: 18.09.2025
Tími: 10:48:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf1627cc-5a35-4c99-9cf2-795275f8fb5f